



## Fundargerð

1382. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll  
25. ágúst 2022

### Viðstaddir:

Friðjón Einarsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

1. Kerskálar þ.b. Norðuráls Helguvíkur (2022080507)  
Karl Finnbogason, Þorleifur Björnsson, Hermann Helgason og Jóhann Halldórsson fulltrúar A9 ehf. mættu á fundinn og kynntu hugmyndir.  
  
Einnig sátu Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs, Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður, Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri, Alexander Ragnarsson, Sigurður Guðjónsson og Sigurgestur Guðlaugsson verkefnastjóri viðskiptaþróunar fundinn undir þessum lið.
2. Fjárhagsáætlun 2023 til 2026 (2022080148)  
Regína Fanný Guðmundsdóttir fjármálastjóri mætti á fundinn. Lagt fram minnisblað um áætlaðar skatttekjur 2023. Lagt fram til samþykktar fjárhagsáætlunarferli Reykjanesbæjar.  
  
Bæjarráð samþykkir 5-0 fjárhagsáætlunarferli Reykjanesbæjar. Lagt er til að fjárhagsáætlun (rammar) miðist við 6% aukningu en heildartekjuáætlun miðist við 7,6%.
3. Stapaskóli – byggingarnefnd (2019051608)  
Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs mætti á fundinn. Umræður um stöðu verkefnisins.
4. Göngustígur milli Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar (2022080303)  
Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs mætti á fundinn og kynnti hugmyndir um göngustíg milli Reykjanesbæjar og Garðs.  
  
Bæjarráð felur Guðlaugi H. Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfissviðs að vinna áfram í málinu.
5. Húsnæði Myllubakkaskóla (2021050174)  
Formaður lagði fram minnisblað um skipan verkefna- og byggingarnefndar Myllubakkaskóla.
6. Fjölbrautaskóli Suðurnesja – leiðarljós og áherslur skólanefndar (2022080480)  
Bæjaráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í málinu.



7. Leikskólamál og leikvellir (2022080490)  
Lagt fram erindi frá íbúa um leikskólamál og leikvelli.  
Bæjarráð felur Friðjóni Einarssyni formanni bæjarráðs að vinna áfram í málinu.
8. Jarðhræringar og eldgos á Reykjanesi (2022080008)  
Lögð fram minnisblöð frá Vegagerðinni, Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra, Fjarskiptastofu og Samhæfingarstöð Almannavarna.
9. Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga 15. september 2022 (2022080342)  
Lagt fram fundarboð frá Jafnréttisstofu.
10. Umsögn vegna starfsleyfis ökutækjaleigu – Private Hire Iceland ehf., Grófinni 19 og 19A (2022080003)  
Erindi Samgöngustofu vegna umsóknar um leyfi til að reka ökutækjaleigu. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagnar.
11. Leikskóli í Hlíðahverfi (2021040124)  
Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri kynnti málið.  
Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í málinu.
12. Stjórnarfundur Tjarnargötu 12 ehf. (2022010328)  
Dagskrá:
  1. Breytingar á prókúruhafa
  2. Uppfærsla á ráðhúsi
  3. Önnur mál  
  1. Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri skipaður prókúruhafi og framkvæmdastjóri án launa.
  2. Minnisblað lagt fram.
  3. Óskað er eftir að Jón Stefán Einarsson arkitekt komi inn á næsta fund félagsins.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30.